

## Ritdómur

***Ask the Beasts. Darwin and the God of Love* eftir Elizabeth A. Johnson. London, New Delhi, New York, Sidney: Bloomsbury, 2014, 323 bls.**

Titill bókar Elizabeth Johnson, *Spyrðu skepnurnar. Darwin og Guð kærleikans*, er bein tilvitnun, sóttur í Jobsbók (12.7). Hvati skrifa hennar er sá sami og fjölda annarra guðfræðinga nú um stundir sem taka þátt í þverfræðilegu samtali um hvernig megi skýra og jafnframt sporna við eyðileggingu hins náttúrulega heims af mannavöldum. Meginumfjöllunarefni Johnson varðar guðfræðilega merkingu hins náttúrulega heims sem er undirstaða alls lífs og bendir hún á að sá heimur hafi lengst af þróast án nokkurrar aðkomu mannskepnunnar. Markmið bókarinnar segir hún vera að flétta saman klassískum, kristnum sköpunarguðfræðilegum skilningi á Guði annars vegar og samtímaþekkingu á náttúrulegri þróun heimsins hins vegar. Nánar tiltekið má líta á bókina sem tilraun til að koma á samtali milli hins merka verks Darwins, Uppruna tegundanna (*On the Origin of Species* 1859), og klassískum kristnum skilningi á Guði miskunnar og kærleika. Þetta kann að virðast merkilegt uppátæki og allt að því fáránlegt, ekki síst í ljósi afstöðu alls þorra fólks í samtíma okkar sem lítur svo á að trú og náttúruvísindi eigi enga samleið. Til þess að skilja betur þessa nálgun Johnson er því rétt að staldra aðeins við og viðra nokkur hugsanleg líkön tengsla guðfræði og vísinda.

Samband trúar og vísinda má setja upp á mismunandi hátt. Eins og flestum er kunnugt hefur langdregin og hatrömm deila staðið yfir milli fulltrúa bókstafstrúarguðfræði og vísinda í Bandaríkjunum (og víðar) þar sem guðfræði og náttúruvísindum hefur verið teflt saman sem ósættanlegum andstæðum. Þekktasta líkan tengsla guðfræði og vísinda, átakalíkanið, má líklega heimfæra upp á þá deilu en það byggist á þeirri forsendu að trú og vísindi séu fullkomnar andstæður og snertist ekki með neinum vitrænum hætti. Slíkri afstöðu hafnar Johnson og er bók hennar í raun ítarleg röksemdafærsla fyrir annars konar afstöðu. Annað tengslalíkan guðfræði og vísinda má kalla sjálfstæðislíkanið en það tjáir, líkt og átakalíkanið, þá afstöðu að guðfræði og vísindi séu ósamræmanleg svið, hvor fræðigreinin um sig hafi eigin aðferðir og hæfni og sinni sínu sviði, óháð hinu; vísindin rannsaki hinn náttúrulega heim en guðfræðin hinn yfirnáttúrulega, ef svo má að orði komast, þ.e. fjalli um andlega og siðferðilega merkingu hins skapaða. Með slíkri afstöðu er því ekki heldur um neinn snertiflöt að ræða fremur en í fyrsta líkaninu, frekar má segja að gagnkvæmt afskiptaleysi og áhugaleysi einkenni þetta líkan. Þriðja líkanið, samræðulíkanið, víkur af fyrrnefndri braut. Munurinn er að í stað skilningsleysis eða áhugaleysis fyrsta og annars líkansins fyrirfinnst nú gagnkvæm viðurkenning beggja aðila. Báðir viðurkenna að þeir geti ekki svarað spurningum hins aðilans fyllilega, jafnframt því sem þeir viðurkenna að framlag hins sviðsins geti verið þekkingarauðgandi. Þannig er forsenda þriðja líkansins sú að skynsemi og trú séu ekki óhjákvæmilegar andstæður, eins og fyrri líkoni tvö halda

fram, heldur megi einnig skilja það svo að sú skynsemi sem er nauðsynleg til skilnings á hinum náttúrulega heimi sé gefin af Guði, skapara himins og jarðar. Bók opinberunarinnar og bók náttúrunnar, svo vísað sé til fornrar myndlíkingar, er þegin úr sömu hendi. Fjórða líkanið má svo kalla samhæfingarlíkan en í því má segja að gengið sé skrefi lengra en í samræðulíkaninu og þekking og innsæi beggja fræðasviða samhæfð á gefandi hátt. Hvaða líkan er þá Elizabeth A. Johnson fulltrúi fyrir? Svarið er að hún aðhyllist ekki beinlínis neitt af þessum líkönum sem upp hafa verið talin þótt afstaða hennar líkist óneitanlega mest fjórða líkaninu. Fremur en að gangast undir það velur hún að tala um hagnýtt samvinnulíkan sem einkennandi fyrir sitt framlag en það felur í sér þann skilning að svið náttúruvísinda og guðfræði séu samherjar sem styðji og styrki hvort annað í sameiginlegri baráttu sem miðar að því að gera sitt besta í þágu hins náttúrulega heims, jarðarinnar sem við öll byggjum. Þannig skrifar hún að bók sín leitist við að byggja brú milli sviða sem bæði láti sér annt um heiminn og framtíð hans. Náttúruvísindin velti heiminum fyrir sér sem vel skipulögðu kerfi en guðfræðin hafi áhuga á tengslum heimsins og Guðs. Bæði svið opni mismunandi en jafn mikilvæga glugga í átt að reglu og fegurð alheimsins, frjósemi hans, þjáningu, dauða og endanleika. Hvorugt sviðið sé einfært um að fjalla um þessi mál (bls. 7–12).

Bókin skiptist í tíu kafla. Fyrstu kaflarnir eru helgaðir rannsókn Johnson á hinu merka riti Darwins, Uppruna tegundanna frá 1859, og beinir hún sjónum að rannsóknarumhverfi hans jafnt sem menningarlegu umhverfi. Darwin nam við bestu lærdómssetur í Bretlandi og var vel tengdur í fræðaheimi síns tíma. Um miðja 19. öld var sú skoðun ríkjandi innan breskrar heimspeki og guðfræði að guðlegur skapari hefði hannað heiminn með öllu sem í honum var, frá hinu smæsta til hins stærsta sem var maðurinn. Þótt hönnuðurinn sjálfur væri ekki virkur lengur var ekki efast um að allt lífríki jarðar væri sköpun Guðs. Gegn þessum hugmyndum snerist Darwin í Uppruna tegundanna. Umfjöllun Johnson um verk Darwins er bæði spennandi og fróðleg. Hún ástundar nákvæma ritskýringu, ef svo má að orði komast, setur hluti í samhengi, útskýrir og túlkar svo unun er að. Hún lýsir mannum Darwins, náttúruunnandanum og snillingnum á slíkan hátt að það lætur engan ósnortinn. Darwin var ekki aðeins vísindamaður heldur einnig unnandi hins fagra og sanna og þá hlið dregur Johnson óspart fram. Bók Darwins fjallar strangt tiltekið alls ekki um uppruna tegundanna, segir Johnson, heldur er hún ein heljarinnar löng og ítarleg röksemdafærsla fyrir því að allt líf á jörðinni sé náskylt, eigi sér sama uppruna en hafi þróast á mismunandi vegu. Darwin notar sjálfur myndlíkinguna tré lífsins til að tjá þetta. Maðurinn og allar lífverur eru náskyldar, á undan því lífi sem við þekkjum nú var annars konar form og aðrar tegundir lífs. Það er því tæpast hægt að líta á manninn sem kórónu sköpunarinnar heldur er hann einn bara liður í flóknu lífkerfi. Lífið eins og við sjáum það nú á sér óralanga sögu vegna sífelldra breytinga og þróunar, vegna vals náttúrunnar og þetta er hvorki er hægt að útskýra eftir leiðum guðfræðilegrar markhyggju né með klassískum hönnunarröksemdum heldur beinir Darwin sjónum að tvennu: fjölbreytni lífs og baráttu alls lífs til að lifa af. Johnson fer mjög nákvæmlega í gegnum bók Darwins án þess að lesanda leiðist nokkurn tíma. Áhugaverður er kafli hennar um illræmda misnotkun á kenningu Darwins sem leiddi til svokallaðs félagslegs darwinisma, mannræktunartilrauna og að lokum til útrýmingar nasista á fólki af „óæskilegum“ uppruna. Þessi misnotkun gengur gegn öllu því sem kenning Darwin stóð fyrir því samkvæmt henni var enginn einn svokallaður „kynþáttur“ (hugtakið í sjálfu sér er mjög umdeilt) öðrum æðri: Meginmál kenningar Darwins var að allt líf eigi sér sameiginlegt upphaf.

Síðari hluti bókar Johnson er guðfræðilegs eðlis og gengur eins og fyrr segir út á að endurheimta fjársjóði sem tapast hafa í kristinni guðfræði Vesturlanda og varða hinn náttúrulega heim og skapara hans en umfram allt siðferðilega merkingu þessa. Johnson dregur fram ótal dæmi um hinn forna, jákvæða skilning á náttúrinni sem finna má m.a. í sálum og spekiritum Gamla testamentisins, skrifum miðaldaguðfræðinga, guðfræðiskilningi rétttrúnaðarkirkjunnar og síðast en ekki síst í Níkeujátningunni frá 325. Mikilvægi þessarar trúarjátningar, fram yfir t.d. postullegu trúarjátninguna og Aþanasíusarjátninguna, telur hún felast í guðsskilningi og náttúruskilningi hennar. Níkeujátningin tjáir skýrast það sem tapast hefur á langri vegferð kristni á Vesturlöndum og m.a. leitt til þess ástands sem við búum við nú um stundir, náttúrueyðingar og náttúruvá. Í henni er dregin upp mynd af sambandi manns og hins náttúrulega heims sem Guð hefur skapað og gefið. Þriðja persóna guðdómsins, heilagur andi, er lykillinn hér. Níkeujátningin talar um heilagan anda sem lífgjafann og þann sem hreyfir við okkur (lat. vivificantem). Sú guðsmynd, sem Johnson dregur upp, hefur það markmið að fylgja nýjustu náttúruvísindalegri þekkingu samtímis því að vera trú kristnum hugmyndum um Guð, mann og náttúruna. Í Níkeujátningunni er sköpunin nefnd oftast en í nokkurri annarri kristinni játningu. Guð er sagður skapari himins og jarðar, alls hins sýnilega og ósýnilega. Jesús Kristur er sá sem allt er skapað fyrir og að lokum er heilagur andi sagður vera sjálfur lífgjafinn, sá sem hreyfir við öllu sem er skapað. Sá leyndardómur þrenningarinnar er hér birtist er allt annað og miklu meira en sú hugmynd bókstafstrúarfólks á öllum tímum að Guð hafi skapað jörðina á sjö dögum. Það sem Johnson undirstrikar er að Guð, eða hinn lífgefandi, heilagi andi, sé sá sem glæðir allt lífi, ekki bara í upphafi heldur alltaf og eilíflega. Að glæða sköpunina lífi og að hreyfa við öllu sem lifir er að gefa lífinu merkingu og mikilvægi. Allt líf er merkilegt, mikilvægt og samtengt. Það er framlag guðfræðinnar inn í þverfræðilegt samtal vísindanna um náttúruvá heimsins í dag. Guð, lífgjafinn, sendi son sinn Jesú Krist sem sitt orð inn í heiminn til að glæða hann lífi og merkja hann kærleika og ást. Holdtekjan er sterkasti vitnisburður þess að Guð elskar lífið og þjáist þegar hinu sanna lífi kærleikans er tortímt og eytt. Guð kærleikans vill standa vörð um lífið og frelsandi, læknandi og umfaðmandi elska hans í Jesú Kristi er sönnun þess. Til að gera langa sögu stutta þá er það niðurstaða Johnson að samband mannsins og allra annarra lífvera á jörðinni þurfi að breytast í þá veru að mannlegar verur sýni öðrum lífverum meiri umhyggju og kærleika. „Spurðu skepnurnar,“ eins og Job sagði, merkir að sýna þeim virðingu og umhyggju því þær eru hluthafar í sömu lífkeðju og við. Manneskjur eiga ekki að „ráða yfir“ skepnum og lífverum heldur vera í samhljómi og samvinnu við þær. Það sem Darwin og guðfræðin eiga sameiginlegt er að benda á samfélagið sem undirstöðu lífsins. Ekkert líf þróast eitt og óstutt heldur þarf það umhverfi og samfélag til að dafna og þroskast. Vistkerfi náttúrunnar eru samfélög þar sem allar lífverur hafa sínu hlutverki að gegna í flókinni keðju. Svipað má segja um kirkjuna, einnig hún er samfélag en það sem hún þarf að læra að gera mun betur er að innlima fleiri í samfélag sitt, ekki aðeins menn heldur lífverurnar líka. „Hvorki plöntur, dýr, manneskjur, land, haf, loft, sólin, tunglið né stjörnurnar myndu geta lifað án lífgjafarans, hins kærleiksfulla Guðs,“ skrifar Johnson. (bls. 268) Guðfræði sköpunarfrásagnanna tjáir að allt hið skapaða er samtengt sem er efnislega sami boðskapur og finna má í kenningu Darwins. Það sem guðfræðin bætir við er að allt líf sé þegið úr hendi Guðs kærleikans og lífgjafarans. Guðmiðlæg siðfræði bendir á að mönnum beri að vera samverkamenn dýranna, já lífveranna allra, og ekki fara fram með hroka

gagnvart þeim. Öll erum við staðsett innan sama lífkerfis á jörðinni, „in the circle of life“, hvers miðja og sjóndeildarhringur er algerlega markaður af Guði, gjafara lífsins.

Niðurstaða mín er sú að þessi bók sé bæði ögrandi og áhugaverð og myndi sóma sér vel á leslista guðfræðinema við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild HÍ og vera kærkomin viðbót við hefðbundnari framsetningar innan trúfræði og siðfræði. Johnson er meðal virtustu kaþólsku guðfræðinga samtímans og í þessari bók leggur hún lóð sitt á vogarskálarnar til þess að endurtúlka hinn klassíska kristna boðskap í ljósi loftslagsbreytinga og umhverfisváar í samtímanum. Þetta hafa margir guðfræðingar gert á undan henni, einkum hafa það verið siðfræðingar fram til þessa, en hér er komin trúfræðileg framsetning sem gefur ný sjónarhorn og spennandi víddir sem mikilvægt er að verðandi guðfræðingar þekki vel.